



Reykjavík, 6. febrúar 2024

MSS24010141

Borgarráð

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning við mennta- og barnamálaráðuneytið um starfsemi PMTO miðstöðvar, dags. 18. janúar 2024. Samningurinn gildir til 31.12.2025. Framlag mennta- og barnamálaráðuneytisins til verkefnisins er fjárframlag að upphæð kr. 53.000.000. Framlag Reykjavíkurborgar er framkvæmd og utanumhald verkefnisins samkvæmt samningnum og vinnuframlag starfsmanna. Reykjavíkurborg ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa. Framlag borgarinnar að öðru leyti felst í vinnuframlagi velferðarsviðs sem rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar, dags. 18. janúar 2024.

Umsögn skrifstofu sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. janúar 2024.

Fylgiskjal nr. 1 með samstarfssamningi um PMTO miðstöð.



Reykjavík



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn um samning Reykjavíkurborgar og ríkisins um starfsemi PMTO miðstöðvar

Fyrir liggja drög að samstarfssamningi mennta- og barnamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar, tilvísun í málsnr. ríkisins MRN23120258. Efni samningsins er í meginatriðum eftirfarandi:

- Framlag ráðuneytisins til verkefnisins er fjárframlag að upphæð kr. 53.000.000. Framlaginu er ætlað að dreifast jafnt yfir tveggja ára gildistíma samnings þessa. Verður fjárframlag ráðuneytisins greitt með einni greiðslu inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila eftir undirritun samstarfssamningsins. Fjárframlag ráðuneytisins kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121.
- Framlag samstarfsaðila, þ.e. Reykjavíkurborgar, til verkefnisins samkvæmt samningnum er framkvæmd og utanumhald verkefnisins sem lýst er í samningsdrögum og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd samstarfsaðila.
- Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2025 eða til tveggja ára.

Umsögn


PMTO stendur fyrir Parent Management Training – Oregon aðferð, og er sannprófað meðferðarþrógramm ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Úrræðið er þróað af Dr. Gerald Patterson, Dr. Marion Forgatch og samstarfsfólki á rannsóknarstofnuninni Oregon Social Learning Center (OSLC) í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum. Úrræðið hentar foreldrum barna á leik- og grunnskólaaldri. Mikilvægt er að vinna með hegðunarvanda á fyrstu stikum þróunar þar sem alvarlegir hegðunarerfiðleikar geta leitt til andfélagslegra hegðunar, sem oft hefur seinna meir í för með sér áfengis- og vímuefnanotkun samhliða afbrotum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að PMTO dregur úr hegðunarerfiðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi.¹

Reykjavíkurborg hefur unnið með PMTO foreldrafærni um árabíl. Fyrstu PMTO einstaklingsmeðferðirnar fóru af stað 2005 og foreldrahópar 2007. Árið 2015 var ákveðið að innleiða þvert á borg og síðan hefur úrræðið vaxið og dafnað inni í kerfum velferðarsviðs og

¹ Sjá heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu: [PMTO - foreldrafærni | PMTO- foreldrafærniþjálfun | Barnaverndarstofa \(bofs.is\)](#)



fjöldi foreldra sem fær þjónustu nærri fimmfaldast, en hjálagt línurit sýnir þróunina frá árinu 2015.



Meginmarkmið samningsins er að styðja Reykjavíkurborg við það verkefni að leiða PMTO miðstöð fyrir allt landið. Samningurinn er að fjárhæð kr. 53.000.000,- til tveggja ára og felur framlag borgarinnar að öðru leyti í sér vinnuframlag velferðarsviðs sem rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Verkbættir	Skilgreining	Árlegur miðlægur kostnaður
1. Gæðamat - Hafa til staðar áreiðanlegt "FIMP- teymi", stýrt af "FIMP stjóra", til að meta og tryggja fylgni meðferðaraðila við aðferð.	<ul style="list-style-type: none"> a) Mánaðarlegir fundir til að halda uppi áreiðanleika gæðateymis. b) Árleg endurnýjun á leyfi meðferðaraðila. c) Annað utanumhald gæðamats. d) Þátttaka fimpstjóra í bandaríska teyminu tvisvar á ári. 	Um 15% stöðugildi = 1.800.000 kr.
2. Handleiðsla fyrir útskrifara meðferðaraðila, handleiðsla fyrir handleiðara, fræðsla, utanumhald og faglegur stuðningur við meðferðaraðila í sinni vinnu. Markmiðið er að tryggja fylgni við aðferðina/árangur hjá fjölskyldunum.	<ul style="list-style-type: none"> a) Tryggja framkvæmd reglulegrar hóphandleiðslu fyrir meðferðaraðila. b) Handleiðsla fyrir handleiðara sveitarfélaga. c) Tilfallandi handleiðsla til meðferðaraðila sveitarfélaga. d) Umsjón með handleiðslu meðferðaraðila sem starfa sem verktakar innan sveitarfélaga. 	Um 15% stöðugildi = 1.800.000 kr.
3. Ýmiss stuðningur við sveitarfélög.	<ul style="list-style-type: none"> a) Ráðgjöf og eftirlit með þjónustu. b) Framkvæmd ársfunda og fræðslu fyrir gæðamatsteymi/handleiðara og verkefnastjóra sveitarfélaga. c) Skýrsluskrif/samantekt tölfraði. d) Árlegur fræðsludagur. e) Reglulegir fundir með verkefnastjórum og stjórnendum. f) Utanumhald gagna í gagnagrunni. g) Tveir fundir á ári með höfuðstöð í Oregon. h) Annað tilfallandi utanumhald. 	Um 80% stöðugildi = 9.600.000 kr.
4. Undirbúningur og framkvæmd ýmissar þjálfunar.	<ul style="list-style-type: none"> a) PTC-R fyrir skammtímafóstur. b) Meðferðarmenntun. c) Þjálfun handleiðara, kennara og "fimpara" (gæðamatsaðila). 	Um 20% stöðugildi = 2.400.000 kr.
5. SMT skólafærni (School Management Training).	<ul style="list-style-type: none"> a) Handleiðsla við teymi skólanna og verkefnastjóra sveitarfélags. b) Mat á fylgni við aðferð/viðhald leyfis. c) Ýmiss annar stuðningur og fræðsla. 	Um 60% stöðugildi = 7.200.000 kr.

6. Þróunarstarf sveitarfélaga.	a) Fundir með Evróputeymi PMTO og háskólasamfélagi. b) Eftirfylgd og innleiðing nýrra verkefna.	Um 20% stöðugildi = 2.400.000 kr.
7. Efnisgerð.	a) Viðhald og þróun foreldraefnis, efni fyrir grunmenntun leik- og grunnskóla, meðferðarmenntun, bæklingar/efni á netinu o.fl.	Um 300.000 kr. að meðaltali á ári.
8. Samningur (leyfi) við höfuðstöðvar í Oregon (ISII).	a) Aðgangur að gagnagrunni fyrir gæðamat (FIMP Central).	Um 1.000.000 kr.

Samtals = 26.500.000 kr.

Meðferðarmenntun (diplómanám): Áætlaður kostnaður per nemandi miðað við 14 nemendur að lágmarki í hóp = Milli kr. 500.000 – 600.000 yfir tveggja ára tímabil.

Framlag sveitarfélaganna hefur áhrif á endanlega tölu.

Samstarfssamningur

mennta- og barnamálaráðuneytisins

og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt „ráðuneytið“, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, í þessum samningi nefnd „samstarfsaðili“, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- Meginmarkmið þessa samnings er að styðja Reykjavíkurborg við það verkefni að leiða PMTO miðstöð fyrir allt landið. Áætlað er að verkefnið verði unnið á tveggja ára tímabili, þ.e. á árunum 2024 og 2025. Verkefnið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:
 - Samstarfi meðal sveitarfélaga um útfærslu PMTO miðstöðvar til að tryggja nýtingu þeirrar sérþekkingar sem þegar er til staðar á Íslandi, m.a. með handleiðslu, þjálfun og gæðaeftirliti, svo mögulegt sé að samþætta vinnu allra sveitarfélaga á Íslandi sem innleiða PMTO þjónustu.
 - Viðbótum á samningi Reykjavíkurborgar og Oregon (ISII) um leyfi sem nær til alls landsins.
 - Að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, PMTO fagaðilum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og, ef þörf krefur, annarra stofnana. Markmið starfshópsins verður að fylgjast með framvindu PMTO úrræðisins á landsvísi, stuðla að góðri PMTO þjónustu fyrir sem flesta og finna PMTO miðstöðinni varanlegan stuðning og staðsetningu.
- Með þessum samningi skuldbinda samningsaðilar sig til að taka þátt í verkefni samnings þessa. Verkbættir þess verkefnis sem samningur þessi tekur til eru tilgreindir í sérstöku fylgiskjali (*fylgiskjal nr. 1*) þar sem útfærsla verkþátta og árlegur miðlægur kostnaður þeirra er tilgreindur. *Fylgiskjal nr. 1* er hluti af samstarfssamningi þessum.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd samstarfsaðila.

2. Framlag og skyldur aðila samningsins

- Framlag ráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er fjárframlag að upphæð kr. 53.000.000. Framlaginu er ætlað að dreifast jafnt yfir tveggja ára gildistíma samnings þessa. Verður fjárframlag ráðuneytisins greitt með einni greiðslu inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila eftir undirritun samstarfssamnings þessa.
- Fjárframlag ráðuneytisins kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121.
- Framlag samstarfsaðila til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er framkvæmd og utanumhald verkefnis samnings þessa og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa.
- Aðilar samningsins skulu funda reglulega yfir samningstímann, a.m.k. þrisvar sinnum, þar sem farið verður yfir framvindu verkefnisins. Tengiliður ráðuneytisins mun hafa umsjón með boðun og utanumhaldi funda.
- Samstarfsaðili skal veita ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess, eins fljótt og auðið er.
- Þá skilar samstarfsaðili ráðuneytinu skýrslu um árangur af verkefninu við lok samningstíma.

2.7. Tengiliður samstarfsins í mennta- og barnamálaráðuneytinu er Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur, og tengiliður samstarfsaðila er Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri.

3. Vanefndir

- 3.1. Aðilar samningsins skulu tilkynna hvor öðrum tafarlaust ef þeir telja vafa leika á um að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greina aðilar frá úrræðum sem þeir hyggjast grípa til.
- 3.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva framlag til verkefnisins uppfylli samstarfsaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Þá er ráðuneytinu í slíkum aðstæðum jafnframt heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.3. Samningsaðilum er heimilt að rifta samningi þessum efni gagnaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Í slíkum tilvikum er ráðuneytinu heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 3.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

4. Gildistími og uppsögn

- 4.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2025.
- 4.2. Samningur þessi er háður samþykki borgarráðs.
- 4.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með eins mánaða fyrirvara. Óski samstarfsaðili eftir því að segja samningnum upp skal samstarfsaðili endurgreiða ráðuneytinu framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af samningstíma.
- 4.4. Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á verkefnið samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald verkefnisins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

Reykjavík, 18. janúar 2024

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri